



Norðfirðingur

4. tölublað 2001

26. árgangur

Síldarball Nú er loksins komið að því

**Hið árlega síldarball Norðfirðinga-
félagsins verður haldið laugardaginn 3.
nóvember í Gullöldinni Hverafold 5
Grafarvogi. Boðið verður upp á síld að
heiman og snafs með. Happy hour til
kl 2400**

**Síldarballið tókst frábærlega í fyrra, nú
mætum vel og toppum árið í fyrra.
Mætum öll snemma og málum staðinn
rauðann Húsið opnar kl 2100
Aðgangseyrir 1.000kr**

Viðtakandi

Félagsgjöldin

Ágætu félagsmenn, undirstaða félagsstarfsins er að félagið hafi úr einhverjum fjármunum að spila. Ef enginn greiðir félagsgjöldin deyr félagið, svo einfalt er það. Við uppgjör félagsgjalda síðasta árs kom í ljós að ógreidd gjöld voru 86,000 kr. Þetta er allt of stór hluti félagsgjaldanna í vanskilum. Það fyrirkomulag hefur verið tekið upp að senda ekki út giróseðla vegna þess hvað það er dýrt. Við í stjórninni viljum beina því til þín lesandi góður að greiða félagsgjöldin sem fyrst. Ef þú hefur fengið fréttabréfið í hendur ert þú félagi í Norðfirðingafélaginu. Aftast í þessu fréttabréfi eru upplýsingar um hvar og hvernig á að greiða félagsgjöldin.

Sumarhúsið Hafnarbraut 54

Í sumar hefur íbúðin verið í útleigu og hefur nýtingin verið nokkuð góð miðað við það að hún var tilbúin til útleigu rétt í byrjun tímabilsins. Íbúðin hefur verið í leigu frá 20. október og verður leigð fram í byrjun desember. Það er kvikmyndatökufólkið sem er að taka myndina "Hafið" sem leigir íbúðina. Það hefur verið almenn ánægja með íbúðina og reiknum við í stjórninni með að hún verði full nýtt næsta sumar. Við viljum benda á úthlutunarreglur á næstu síðu.

Úthlutunarreglur og verð

Sumarúthlutunartíminn er frá 1. júní til 1. september. Yfir vetrartímann er hægt að fá leigðar heilar vikur eða helgar. Páskavikunni verður úthlutað sérstaklega en annars gildir reglan fyrstir panta fyrstir fá, yfir veturinn.

Næsta ár verður tekið á móti pöntunum frá 1. apríl til 1. maí, þá verður farið yfir allar pantanir fyrir sumartímann og þá gildir að þeir sem hafa ekki fengið úthlutað áður ganga fyrir, en ef báðir eru jafn rétt háir gildir hlutkesti.

Úthlutun verður lokið 10. maí, þá verður öllum tilkynnt um úthlutun og verða þeir sem fá úthlutað að staðfesta pöntun með greiðslu á leigunni fyrir 20. maí.

Aðeins skuldlausir félagar fá íbúðina leigða.

Verð

Sumartími 1 vika	15.000 kr
Páskavikan	15.000 kr
Vetrartími 1. vika	12.000 kr
Vetrartími 1. helgi	6.000 kr

Úthlutun á sumarhúsi

Stefán Herbertsson í síma 5511052 eða 8968821
(Júlíus 5875206)

Á einhver góð eldúshúsgögn

Okkur vantar enn gott eldhúsborð og stóla í íbúðina, einnig vantar nýjan ísskáp og eldavél, ef einhver býr svo vel að eiga til skiptanna, væri það vel þegið. **Munið að við eigum þessa íbúð öll saman.**

Vilt þú gleðja ættingja og vini fyrir austan, þá eru blóm vel við hæfi.

Sendum heim VISA EUROCARD

Blómabúðin Laufskálinn

S.477-1212 Fax 477-1012

Kristín Brynjarsdóttir heima 477-1128

Félagsgjald 1000 kr greiðist á:

reikning 0101-26-11959 Landsbanki Ísl. aðalbanki

Útgefandi: Norðfirðingafélagið, Viðarrima 6 112 R-vík.

<http://www.islandia.is/nordfjordur>

Formaður: Júlíus Brynjarsson (587 5206)

Ritstjóri: Stefán Þór Herbertsson (551 1052)